



## Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

8. fundur stjórnar 2022-2023 þriðjudaginn 3. janúar 2023

kl. 12.00 – 14.00 á skrifstofu félagsins Bændahöllinni v/Hagatorg

Mætt: Pétur Henry Petersen formaður, Guðný Björk Eydal, Hólmfríður Garðarsdóttir, Ingibjörg Svala Jónsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Þóroddur Bjarnason. Á Teams: Engilbert Sigurðsson og Grétar Þór Eyþórsson. Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

### Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 7. stjórnarfundar frá 6. desember 2022 lögð fram til afgreiðslu.
2. Umræða um kjaramál og kröfugerð.
3. Önnur mál.

Pétur Henry Petersen formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.10.

### 1. Fundargerð 7. stjórnarfundar frá 6. desember 2022 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)

Fundargerðin var samþykkt með áorðnum breytingum.

### 2. Umræða um kjaramál og kröfugerð. (Fskj. 2)

Formaður kynnti í stuttu máli að hann teldi að hagsmunir akademísku starfsfólks væru best tryggðir í einu félagi, en meðan svo væri ekki væri mikilvægt að samræma aðgerðir og vera í samráði við önnur félög. Einnig minnti formaðurinn á að hann teldi matskerfi og rannsóknarpunkta hafa of mikil áhrif á launasetningu og að kerfið mismunaði félagsfólki m.a. út frá birtingarhefðum. Framboð hans til formanns hefði byggt á þessu og að hann myndi halda á lofti umræðu um þessi mál. Mismunandi viðhorf til launasetningar voru rædd stuttlega. Skiptar skoðanir eru meðal stjórnarmanna á núverandi kerfi. Launasetning akademísku starfsfólks byggir að stórum hluta á stigum fyrir rannsóknarvirkni. Þekkt er að ólík aðstaða starfsfólks er til rannsókna. Greininga er þörf t.d. á dreifingu rannsóknarstiga og áhrif á röðun í launaflokka. Rætt var um hvort vilji væri fyrir því að draga úr vægi rannsóknarþáttarins og/eða minnka launamun á milli prófessora. Félagsmenn munu þurfa að taka afstöðu til þess hvort og hvernig kerfinu skuli breytt. HG minntist á kynningu á vegum HÍ um samevróskar áherslur í mati á vísindastarfi. PHP mun óska eftir frekari upplýsingum.

Formaður fór yfir helstu áherslur sem BHM er að skoða með hliðsjón af komandi kjarasamningum. Verið er að tala um skammtímasamning til eins árs. Fyrirhugað er að leggja áherslu á prósentuhækkanir ásamt útfærslu á framkvæmd greiðslu jöfnunarauka, styttingu vinnuvikunnar, mörkun atvinnu- og menntastefnu ásamt fleiru.

Rætt var um kröfugerð og helstu áherslur FPR. Í miðlægum kjarasamningi leggur FPR einnig áherslu á prósentuhækkanir og að menntun sé metin til launa. Samkvæmt tölum BHM frá 2019 til 2022 hefur kjarabróun félagsmanna FPR verið lægri en hjá öðrum sem leggja þarf áherslu á í þessu samhengi.

Nauðsynlegt er að fá greiningu á launþróun prófessora samanborið við aðra sambærilegra hópa með hliðsjón af menntunarstigi og aldurs. Þá þarf að skilgreina sérstöðu prófessora.

Þá var rætt um gildi menntunar og sérfræðipækkingar, kennsluafslátt, greiðslur fyrir yfirvinnu vegna kennslu ásamt öðrum greiðslum, mat á stjórnunarskyldu, nefndarstörf, greiðslur í rannsóknarmisseri, afleysingar, nýliðaáætlun, starfsaðstöðu, aðstöðu heima fyrir, styttingu vinnuvikunnar, vinnuálag, streitu og aðgengi að þjónustu starfsfólks í stjórnarsýslu og skilgreiningu á því í hverju hún sé fólgin.

Þá er nauðsynlegt að ræða undirfjármögnum háskólastigsins og ábyrgð stjórnvalda í þeim efnum.

Þar sem það stefnir í skammtímasamning má setja ákveðin mál inn sem bókun um að þau verði tekin fyrir í næstu kjarasamningum.

Fulltrúar FPR í samninganefndinni munu setja upp tillögur að áherslum félagsins sem unnið verður áfram með út janúar í samráði við stjórn. Tillögurnar verða síðan sendar félagsmönnum með ósk um athugasemdir áður en þær verða gerðar opinberar.

Á næsta stjórnarfundum verður rætt um greiningu á stofnanasamningum félagsins við einstaka háskóla og samanburð á þeim.

### 3. Önnur mál.

#### a) Fundur hjá samninga-/samráðsnefnd BHM.

Formaður upplýsti að næsti fundur í samráðs-/samninganefnd BHM er kl. 15.00 í dag.

Í samráðsnefnd BHM fyrir hönd FPR eru Pétur, Lilja, Guðný og Hólmfríður.

Gert er ráð fyrir að Pétur og Lilja mæti á fundina og Hólmfríður og Guðný eftir þörfum.

#### b) Næsti stjórnarfundur.

Næsti stjórnarfundur verður þriðjudaginn 10. janúar kl. 12.30-13.30.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 14.10.

Fundarritari: LP.